

# Góða nótt

Það er sérkennileg stemning sem skapast á Menningarnótt í miðborginni okkar á hverju ári. Umsjónarmaður gleymir seint menningarnótt fyrir tveimur árum þegar hann lagði á fjögurra ára son sinn hrikalega þeysireið um hina ýmsu menningarviðburði – (m.a. að sitja undir löngum lestri Þorsteins Gylfasonar á ljóðapýðingum), horfði að því búna á flugeldasýningu sem fékk fleifdustu karlmenn til að nótta og rölti svo heim með barnungann hálfvö um nóttina. Það flökraði að umsjónarmanni að barnaverndarnefnd kæmi ba-bú og hneptti hann í varðhald fyrir að vera að gölstrast úti með börn en miðjar nætur en á menningarnótt gerist ekkert slíkt. Á Menningarnótt má bæði sjá hjólastóla og barnavagna úti við á mjög ókristilegum tíma en það er allt í lagi. Á Menningarnótt renna dagar og nótt saman í eitt.

## Hljóðljóð og Hlaðvarpi

Og hvað er svo hægt að berjja augum á þessu langa og skemmtilega afmæli borgarinnar? Í stuttu máli er það svo margt að ógerningur er að gera því öllu skil – en hér á eftir fylgja nokkrar uppákomur sem augljóslega er fengur í. Einnig skal bent á visir.is, en þar birtist hin glæsilega dagskrá Menningarnætur óstytt.

Á hádegi setur borgarstjóri Menningarnóttina og Reykjavíkumaraþonið um leið. Þá er um að gera að draga á fætur sér hlaupaskóna og hlaupa með. Í Hlaðvarpanum verður heilmikið um að vera og er þar boðið til afmælistakkis kl. 15. Helga Thorberg rekur sögu Hlaðvarpana, ljóð verða flutt og atriði leikin frá fyrri tíð, söngur, hljóðfærasláttur, glens, grín og gaman.

Kl. 16 koma „2000 börnin“ saman í Lækjargötu og syngja Þúsaldarljóð og úrvals djass verður á sama tíma á boðstólum í Norræna húsinu.

Í Listasafni Reykjavíkur – Hafnarhúsi verður kl. 17 fluttur gjörningur Magnúsar Pálssonar

„Þrígaldur þursavænn“ í fjórum köflum af hljóðum, atburðum og hljóðljóðum. Gjörningurinn tengist sýningunni Tími fresta flugi þínu, á Kjarvalsstöðum.

## Vilborg les fyrir börnin

Eftir kvöldmat er kjörið að leggja leið sína í Grófarhúsið til þess að hlusta á þann mikla frásagnsnilling Pétur Pétursson segja gamansögur af nafnkunnum Reykvíkum.

Í sama húsi – á sama tíma lesa rithöfundarnir Vilborg Dagbjartsdóttir og Sindri Freysson fyrir börnin en það verður í glænýrri barnadeild Borgarbókasafnsins.


Unnendur kórtónlistar ættu að fá eitthvað fyrir sinn snúð í Íslensku óperunni frá 20–23 en þar koma fram Kór Íslensku óperunnar, Gradualekórinn og Fóstbræður, auk einsöngvara.

Barbara og Úlfar – trúðarnir ósvífnu – munu lesa upp úr bankabókum landsmanna í Íslandsbanka FBA en á sama tíma verða rithöfundar að lesa úr verkum sínum í bókakaffi Máls og menningar, Súfistanum. Þar lesa meðal annarra Auður Jónsdóttir, Hrafn Jökullsson og Þorsteinn Guðmundsson auk þess sem Steinunn Birna Ragnarsdóttir leikur á píano. Upp úr miðnætti stíga á svið Óskar Guðjónsson og Delerað og flytja söngdansa Jóns Múla Arnasonar fram eftir nóttu.

## Egill Helgason syngur og flugeldar springa

Í Dómkirkjunni kl. 23 verður flutt leikrit Stefánú Thors, Laufey, sem byggt er á skáldsögu Elísabetar Jökulsdóttur og á sama tíma verður Jón Gnarr að grínast í Iðnið.

Eftir grínið er engin miskunn gefin og ofsafengin flugeldasýning í boði Orkuveitu Reykjavíkur hefst þá við höfnina. Í fyrri var þar glæsilegasta flugeldasýning sem gerð hefur verið á Íslandi og ætlaði sprengingum og hurrahröpum aldrei að



Pétur Pétursson þulur

Pétur er þekktur fyrir að kunna ógrynni skemmtisagna um lífs og liðna Reykvíkunga og hvað er betur við hæfi á afmæli Reykjavíkurborgar? Áhugasamir ættu að kíkja í Grófarhúsið við Tryggvagötu kl. 19.30 og hlusta á Pétur.

linna. Gaman verður að sjá hvernig til tekst þetta árið.

Eftir flugeldasýninguna mun hljómsveitin Geirfluglarnir leika fyrir utan sushi-staðinn Tvo fiska og með henni kemur fram stuðkóngurinn Egill silfur Helgason.

Í lokin verður svo hægt að fara á ball, ef fólk er ekki tilbúið að fara að sofa, því Magga Stína og Hringirnir hennar munu leika fyrir dansi í Hlaðvarpanum frá miðnætti.

Góða og gleðilega menningarnótt.

## Verðlaun Tómasar

Í dag er afmælisdagur Reykjavíkurborgar og í dag verður einnig formleg opnun Grófarhússins við Tryggvagötu, sem hýsa mun aðalsafn Borgarbókasafns Reykjavíkur, Borgarskjalasafn Reykjavíkur og Ljósmýndasafn Reykjavíkur. Við sama tækifæri fer fram afhending Bókmenntaverðlauna Tómasar Guðmundssonar, starfslauna listamanna Reykjavíkurborgar og styrks til tónlistarhóps Reykjavíkur árið 2000.

50 handrit bárust vegna Bókmenntaverðlauna Tómasar Guðmundssonar, en verðlaunin eru tvöföld í ár í tilefni menningarborgarársins og nema nú 600 þúsund krónum. Umsækjendur um starfslaun voru 96 og eru til úthlutunar 52 mánuðir. 11 umsóknir bárust um styrk til starfrækslu tónlistarhóps, sem nemur ársláunum tveggja listamanna sem þiggja starfslaun hjá Reykjavíkurborg.

Grófarhús verður opið almenningi á Menningarnótt frá kl. 15–22, þar sem hægt verður að skoða húsið, njóta dagskráratriða og sýninga.

## Landslagsmálarar í Gerðarsafni

Á morgun kl. 15 verður opnuð í Gerðarsafni sýning á grafverkum og skissum eftir sex þýska myndlistarmenn. Þessir listamenn, Otto Modersohn, Paula

Modersohn-Becker (listaverk á mynd), Fritz Mackensen, Hans am Ende, Fritz Overbeck og Heinrich Vogeler, lifðu allir sitt blómaskeið á mörkum 19. og 20. aldarinnar.

Íslenskum listunendum gefst nú tækifæri til að sjá verk eftir þessa listamenn, sem elga ekki aðeins það sameiginlegt að teljast til fremstu landslagsmálarara og áhugaverðustu listamanna Þýskalands á þessum tímamótum heldur leituðu þeir og í sömu sveitina, í þorpið Worpswede, 20 kílómetra norðan við Bremen í norðurhluta Þýskalands. Víðáttá sjóndeildarhrings þessa landsvæðis, sem skáldið Rainer Maria Rilke segir vera „undarlega andstæðu lands“, hin sibreytilega birta, skýjafarið, mókofarnir og býlin með stráðökunum urðu málurunum ungu tilefni mikillar rökræðu um hvernig megi nálgast náttúruna í myndlist, rökræða sem í raun tekur engan endi og er í fullum gangi enn í dag.

Sýningin er sett upp í samvinnu Goethe-Zentrum Reykjavík og Listasafns Kópavogs. Hún er opin alla daga nema mánudaga frá kl. 11–17 og henni lýkur sunnudaginn 17. september.

## Listaverk étin í Gallerí Reykjavík

Gallerí Reykjavík heldur upp á eins árs afmæli sitt á Menningarnótt Reykjavíkur 2000. Meðal þess sem

gallerið býður upp á að þessu sinni er stuttsýning Þorgerðar Sigurðardóttur þar sem gestum gefst kostur á að bragða á listaverkunum. Stuttsýning Þorgerðar er tvíþætt, annars vegar sýnishorn af nýjum verkum sem hún er að vinna að fyrir stærri sýningu í Hafnarborg í september en hins vegar myndir unnar árið 1996, tréristur byggðar á brauðmótum, í þeim stíl sem sjá má á slíkum gripum á íslenskum byggðasöfnum og Þjóðminjasafni.


Með tréristum sínum þrykkir Þorgerður á pappír en notar þær líka til að baka brauð handa gestum. Sá síður var algengur á Íslandi fyrir á tímum að þrykkja skreytingar og texta ofan á deig fyrir pottkókur. Brauð var ekki hversdagsfæða hér á landi á fyrri tíð og varla gert nema á hátíðum og tyllidögum. Gallerí Reykjavík býður nú gestum að bragða á svona hátíðarbrauði í tilefni ársafmælis. Brauðið er bakað í pitsuofni í takt við tímamót en með þessa fornu hefð að fyrirmynd að gefa skreytt brauð á tyllidögum.

Brauðið verður á boðstólum á morgun á milli kl. 17 og 18.



Trúðarnir Barbara og Úlfar

Halldóra Geirharðsdóttir og Bergur Þór Ingólfsson munu lesa upp úr bankabókum landsmanna í Íslandsbanka FBA í gervi hinna ófyrirleitnu trúða. Hljómar spennandi.



Hrafn Jökullsson rithöfundur

Hann hefur verið afkastamikill á ritvælinum síðasta ár og forvitnilegt að heyrja brot af því sem hann er að fást við þessa dagana. Hrafn verður á Súfistanum ásamt fleiri höfundum kl. 20–23.30.



Magga Stína söngkona

Hún treður upp víðs vegar um borgina á Menningarnótt með félögum sínum í hljómsveitinni Hr. Ingi R.


# Tíminn í listinni

Á morgun verður opnuð á Kjarvalsstöðum sýningin Tími – fresta flugi þínu sem unnin er í samvinnu við Reykjavík menningarborg. Sýningin er einnig af rakstur samstarfs við Listasafnið í Bergen en sem kunnugt er þá er Bergen einnig menningarborg ársins 2000.

Megininntak þessarar stóru sýningar er víðhorf listarinnar til tímahugtaksins. Þar er m.a. litið á hvernig tíminn kemur fram í sögulegri, trúarlegri og pólitískri list; portrettverkum og byggingarlist. Með tilvísun til tímahugtaksins verða sömuleiðis skoðuð listaverk frá skissu til fullmótaðra verka. Meðal listamanna sem verk eiga á sýningunni eru Dieter Roth, Kristján Guðmundsson, Erró, Felix Gonzales-Torres, Lawrence Weiner, Joseph Kosuth, Christian Boltanski, On Kawara, Per Kirkeby, Yoko Ono, Dennis Oppenheim, Andres Serrano, Christo og Claude Rutault.

## Ár á götunni

„Tíminn hefur svo margbreytileg birtingarform í listinni,“ segir Soffía Karlsdóttir, kynningarstjóri hjá Listasafni Reykjavíkur, í spjalli við menningarsíðuna. „Við getum tekið sem dæmi verk Tehching Hsieh sem er lýsandi dæmi um tímasýningu sem er eitt víðfangsefni sýningarinnar og fjallar um það hvernig listamenn



Verk á sýningunni Tími – fresta flugi þínu á Kjarvalsstöðum.

sýna tímann í verkunum sínum. Hsieh læsti útdyrnunum sínum árið 1981 og gaf út skriflega yfirlýsingu þess efnis að hann kæmi ekki aftur heim fyrr en að ári liðnu. Þessu ári varði hann alfarið utan dyra aðeins með svefnpoka. Hann hélt dagbók og skráði ferðir sínar inn á kort sem öll hanga uppi á sýningunni. Hann lenti í löggöngu og alls konar vandræðum, sem voru fest á filmu, auk þess sem svefnpokinn hans og fót eru höfð til sýnis. Það er mjög skemmtilegt að skoða verkið og myndu sér hvernig þetta ár í lífi hans leið,“ segir Soffía.

## Tekið fram fyrir hendur tímans

Á sýningunni er einnig lögð áhersla á tímamenn sem byggingarlegan hluta listaverksins þar sem tíminn er gerður að raunverulegum og virkum þætti í listaverkinu með því að leyfa hreyfingu, ferli og hrörnun að taka fram fyrir hendur listamannsins. Verk Claudes Rutaults er dæmi um þetta, sem og verk Yoko Ono og Dieters Roths.

Hluti verks Claudes Rutaults, Eitt málverk leiðir af öðru (Un tableau chasse un autre), hefur verið í vinnslu í undirgöngum við Flugvallarveg frá 19. júlí síðastliðnum, samkvæmt forskrift listamannsins. Þar voru settir upp tólf blindrammar með striga og þeir máláðir samkvæmt fyrirmælum. Að sögn Soffíu átti að taka þetta samspil tímans við undirheimalistina niður rétt fyrir sýningu og flytja það á sýningarstað. Illu heilli fær þó eðlileg hrörnun ekki notið sín í verkinu því óprúttir skemmdarvargar tóku fram fyrir hendurnar á tímanum; úðuðu á verkið og ristlu það í sundur. Engu að síður verður verkið til sýnis á Kjarvalsstöðum, eins og listamaðurinn sagði fyrir um, enda má, þegar allt kemur til alls, finna í því eina af birtingarmyndum tímans og listarinnar.

Sýningin stendur fram í október.